

**Fundur stjórnar var haldinn í Safnaðarheimili kirkjunnar 8. júlí 1983 kl 18:30.**

Á fundinn mættu: Gunnar Magnússon, Guðrún Brynjólfssd., Alda Adnnrésdóttir, Laufey S. Valdimarsd., Sigþór Einarsson.

Ákveðið að fara 17. júlí á Eldmessu á Kirkjubæjarklaustri í tilefni að 200 ár voru liðin frá Skaftáreldum. Ekki varð af þessari ferð þar sem Mýrdalssandur var ófær þegar farið skildi. Fundarritari Laufey S. Valdimarsdóttir, Alda Andrésdóttir.

**Annar bókaði fundur stjórnar félagsins var haldinn 15. apríl kl. 17:00 á heimili formannsins**

Á fundinn mættu Alda Andrésdóttir, Gunnar Magnússon, Laufey S. Valdimarsd. Guðrún Brynjólfssd. og Jón Guðmundsson.

Rætt var um ferð félagsins sem farin var á Kjarvalsstaði 2. apríl að sjá Kirkjulistasýninguna, þar sem 35 manns fóru saman í ánægjulega ferð þar sem allir skemmtu sér hið besta. Lagt var af stað kl. 14:00 og komið til baka kl. 18:00.

Þann 14. apríl fór stjórn félagsins á Selfoss og kynnti sér starfsemi Styrktarfélags aldraðra þar. Hjá þeim er opið hús alla fimmtudaga frá 13-16, þá spilað og verið með handavinnu og föndur. Inga Bjarnadóttir lýsti fyrir okkur starfsemi félagsins í vetur. Hún sér einnig um Rauða kross heimilið og bauð okkur að skoða það. Einnig sýndi hún okkur hinar nýju íbúðir aldraðra á Selfossi.

Opið hús ætti næst að vera 30. apríl frá kl. 15:00-17:00 og yrði það með sama sniði og verið hefur. Fundarritari Laufey S. Valdimarsdóttir, Alda Andrésdóttir.

**Fyrsti bókaði fundur stjórnar félagsins er dagsettur 17. mars 1983 haldinn kl. 16:00 í Litlu listamannastofunni að Dynskógum 5.**

Mættir eru: Alda Andrésdóttir, Jóhann Þorvaldsson, Gunnar Magnússon, Brynhildur Baldvinsdóttir, Guðrún Brynjólfssdóttir og Laufey S. Valdimarsd. Guðmundsson.

Á þessum fundi var ákveðið nafn á félagið sem nefnt var „Félag eldri borgara“ í Hveragerði, miðað er við 65 ára og eldri.

Næsta verkefni yrði ferð á sýningu á íslenskum kirkjulistamunum á Kjarvalsstöðum. Farið yrði laugardaginn 26. mars. Samþykkt var að fara fram á að

Hveragerðishreppur greiddi rútuna en fólkið sjálft kaffið sem keypt yrði á Kjarvalsstöðum.

Á síðasta opna húsi semhaldið var 27. febr. var kosið í stjórn félagsins og var Alda Andrésdóttir kosin formaður, Jóhann Þorvaldsson gjaldkeri og Laufey S. Valdimarsdóttir ritari. Varaformaður var kosinn Gunnar Magnússon og meðstjórnendur Guðrún Brynjólfsd., Brynhildur Baldvinsd. og Jón Guðmundsson.

Jóhann Þorvaldsson sagði frá peningagjöfum sem bárust félaginu á síðasta opna húsi. Félaginu bárust kr. 600 frá Sigurþór Einarssyni, kr. 100 frá Guðrúnu Ívarsdóttir og fyrir kaffi voru innkomnar kr. 930,-. Voru þessir peningar lagðir inn á bók hjá Búnaðarbanka Íslands.

Gjaldkeri bað formann félagsins að athuga hvort félaginu standi ekki til boða kr. 5.000,- sem Hveragerðishreppur hafði samþykkt á síðasta ári 1982. En félagið hafði ekki tök á að norfæra sér þá.

Rætt hefur verið um að gefa út kort í fjáröflunarskyni og hefur Halla Haraldsdóttir listakona boðist til að gefa teikninguna. Ekki hefur nein ákvörðun verið tekin um það ennþá hvað gert verður. Fleira ekki gert, fundi slitið. Laufey s. Valdimarsd. ritari, Alda Andrésd. Gunnar Magnússon.

Í tilefni af ári aldraðra 1982 kaus hreppsnefnd Hveragerðis nefnd til að sjá um þrjár skemmtanir fyrir eldri borgara í Hveragerði.

Í framhaldi af því var síðan ákveðið að stofna félag til að þessar samkomur eldra fólks leggjðust ekki niður, enda vinsælar og vel sóttar.

Mun stefnt að því að koma saman minnst einu sinni í mánuði frá okt. fram í apríl. Laufey S. Valdimarsdóttir Félagið hefur fengið kennitöluna 691189-1049.